



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

31. ÁRG. 2. TBL. Aðventa 2010



Aðventuhugur í Seljakirkju

Kynnið ykkur
aðventudagskrá
Seljakirkju á baksíðu

Hvernig ætlar þú að nota aðventuna?

Aðventan, undirbúningur jólaanna er annasamur tími. Þá er líka margt til boða, auglýsingar um alls konar afþreyingu, mat og mannfagnaði. Sannarlega er þar ýmislegt af hinu góða og það sem vekur gleði. Stundum er það samt þannig að gleðin kafnar í því sem gefur ekki frið til gleði. Aðventan er sá hluti ársins, sem upphaflega var settur af kirkjunni inn í samfélagið til þess að hjálpa fólki að skynja það heilaga, þar sem manneskjan kemst næst Guði sínum og þar með sjálfri sér. Aðferðin, sem

kynslóðunum hefur reynst best til þess að ná því takmarki er með því að biðja, taka þátt í þeirri helgi sem boðskapur kirkjunnar býður. Þegar talað er um það hvernig nota skuli aðventuna, skyldi horft í þá átt. Í kirkjunni okkar er það til boða með mikilli dagskrá á aðventunni. Ekkert okkar skyldi sleppa því að nýta sér aðventuna þar til þess að eignast það sem máli skiptir, rósemi, frið, sátt við Guð og menn. Það skulum við gera og nota aðventuna rétt. Hittumst í kirkjunni okkar.

Valgeir Ástráðsson



Myndlistarsýning í kirkjunni

Í samstarfi við myndmenntakennara Seljaskóla og Ölduselsskóla hefur verið komið á sýningu á verkum nemenda í andyri Seljakirkju. Að tilefni afmælis sóknarinnar voru börn og unglingar áhugasöm um það verkefni. Verk þeirra, sem sett voru upp í andyri kirkjunnar hafa vakið verðskuldaða athygli. Slíkar sýningar hafa oft áður verið samstarfsverkefni Seljakirkju og skólanna og hafa þær verið gott og ánægjulegt viðfangsefni beggja aðila, gleði þeim börnum, sem lagt hafa þar fram verk sín. Áformað er að sýningin nú verði uppi fram yfir jólahátíð, listafókinu og kirkjugestum til gleði yfir hátíðina.

Vísitasía biskups

Það forna orð „vísitasía“ þýðir heimsókn, og er notuð um þá embættisskyldu biskups að koma til safnaða í erindum eftirlits og uppörvunar. Herra Karl Sigurbjörnsson hefur undanfarið ár heimsótt söfnuði í Reykjavíkurprófastsdæmi – eystra. Sunnudaginn 7. nóvember tók hann þátt í guðsþjónustu í Seljakirkju og prédikaði. Fyrir og eftir þá helgi hafði hann fundi með prestum, starfsfólki og sóknarnefnd. Við vísitasíu eru eignir safnaðarinnar skráðar og bókuð lýsing kirkju og helgigripa. Slíkar skýrslur hafa verið gerðar við kirkjur um aldaraðir og eru þær vísitasíugjörðir með merkilegri heimildum um sögu þjóðarinnar. Í söfnuðinum okkar eru slíkar heimildir ekki gamlar, aðeins þrjátíu ár að baki. En þar er vel að öllu búið, aðstaða til starfs mörgum öðrum til fyrirmyndar. Þar skyldum við hlúa vel að öllu og efla gott starf.



Frá myndlistarsýningunni

30 ára starf Seljasafnaðar

Seljahverfið byggðist síðast Breiðholtshverfanna þriggja. Þar hófst hröð uppbygging um árið 1975. Lítið var þá um félagsstarfsemi í hverfinu, allir íbúar uppteknir við byggingarframkvæmdir, sem á þeim árum voru mikið í höndum þeirra sem húsin reistu. Þá var hverfið hluti Breiðholtssóknar. Árið 1980 var ákveðið að stofna sérstaka kirkjusókn í hverfinu og hefja þar safnaðarstarf. Áhugi íbúanna var mikill fyrir slíku starfi. Í hverfinu var lægstur meðalaldur allra hverfa í borginni, - náði ekki tuttugu árum. Starf Seljasóknar hefur frá upphafi byggst á dug og áhuga sóknarfólksins. Kirkjusókn er það skipulag, sem Þjóðkirkjan notar um allt land, ákveðin landfræðileg mörk, þar sem veitt er kirkjuleg þjónusta við sóknarfólk, og vettvangur er fyrir kirkjulegt starf íbúanna. Seljasókn markast af Breiðholtsbraut að norðan og Kópavogi að austan, sunnan og vestan.

Sóknarnefnd var kosin til starfa í júnímánuði 1980. Sr. Valgeir Ástráðsson var kosinn sóknarprestur í almennri kosningu í ágúst mánuði það ár. Fyrsta guðsþjónusta safnaðarinnar í hverfinu var haldin í byrjun október. Guðsþjónustur voru haldnar víða um hverfið fyrstu árin. Bygging starfsaðstöðu safnaðarinnar hófst þegar á fyrsta starfsári. Ákveðið var að byggingar yrðu gerðar þannig, að þær myndu þjóna íbúum sóknarinnar á sem víðastan hátt. Því var hönnuð kirkjumiðstöð, með fjölbreyttri starfsaðstöðu, þar sem margt gæti farið fram samtímis, enda þörfin mikil í stóru hverfi. Kirkjusalur

kirkjumiðstöðvarinnar var vígður 13. desember árið 1987. Þar hefur helgihald safnaðarinnar farið fram síðan. Í kirkjumiðstöðinni er margháttuð starfsemi. Alla daga og flest kvöld er margt um að vera, sem lítur að trúarlegri þjónustu við sóknarfólk og margir sem leggja þar hönd á plóg. Seljakirkja hefur orðið skýr sameign íbúa hverfisins og er sóknarfólki dýrmæt. Hún er sá miðpunktur, þar sem það gleðilegasta fer fram, en líka það átakanlega, þar sem þörf á hjálp trúarinnar skiptir ein máli. Starfið er undir stjórn sóknarprests og prests, ásamt sóknarnefnd og öðrum starfsmönnum. Sóknarfólk leggur fram allt það fjármagn, sem til starfsins þarf með sóknargjöldum. Þar koma engir styrkir til. Þannig var líka um byggingu kirkjumiðstöðvarinnar sem hefur með öllu verið kostuð beint af sóknarfólki. Það afrek var ekki unnið nema með förnfýsi og oft stórum gjöfum og fjáröflunum. Því geta eigendur Seljakirkju, fólkið í hverfinu lítið til hennar með stolti og þakklæti.

30 ára starf safnaðar er nokkur áfangi, þótt hann sé ekki stór í samhengi kirkjusögunnar á Íslandi. Á tíma-mótum er margt sem sóknarfólk má horfa til með þakklæti. Það er mikils virði að kirkjustarfið sé til staðar þegar þörfin verður oft brýn. Það starf verður aðeins til staðar þegar sóknarfólk, eigendur og ábyrgðarfólk safnaðarstarfsins er vakandi og duglegt til starfa. Þannig skulum við hugsa um starf safnaðarinnar, sem hefur verið okkur til heilla í 30 ár. Þar skulum við hvert um sig leggja okkar fram til starfsins.



Afmælistónleikar

Starfsafmælis safnaðarins hefur verið minnst á marga vegu. Mánudaginn 8. nóvember var efnt til myndarlegra tónleika í kirkjunni. Þar kom saman vel metið tónlistarfólk, sem allt var á sinni tíð fermingarbörn í Seljasókn. Þau komu með gleði til kirkjunnar okkar til að minnast tímamóta í starfinu og flytja tónlist sína. Þau sem tóku þátt í tónleikunum voru Guðbjörg Magnúsdóttir, Jóhanna Ósk Valsdóttir, Jónas Ásgeir Ásgeirsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Stefán Helgi Stefánsson, Valdimar Hilmarsson ásamt Guðmundi Guðmundssyni og Hirti Inga Jóhannssyni í Hjaltalín. Nokkur fleiri voru tilkvödd en voru erlendis eða af öðrum ástæðum bundin og hörmuðu að geta ekki verið með. Tónlistarstjóri kirkjunnar, Tómas Guðni Eggertsson sá um undirleik. Þessi þáttur afmælishaldsins var öllum ákaflega ánægjulegur og margir sem þess nutu í kirkjunni okkar.

Jóla kort kirkjunnar

Eins og áður eru jóla kort Seljakirkju seld á aðventunni. Nokkrar af eldri gerðum kortanna verða til sölu. Með jóla kortum kirkjunnar okkar minnum við á það starf sem unnið er í kirkjunni, boðskapinn um Jesú Krist, boðskap jólaanna. Allur ágóði af sölu jóla kortanna rennur til styrktar safnaðarstarfinu. Kortin verða til sölu í kirkjunni, bensínstöð N1 við Skógarsel og Þín verslun Seljabraut. Pakkarnir innihalda 8 stk. og kosta þeir 500 kr.



Fjölbreytt barna- og æskulýðsstarf í kirkjunni

Allt frá upphafi safnaðarstarfins í Seljasókn hefur verið lögð áhersla á að unga fólkið finni sig velkomið í kirkjuna. Það starf stefnir allt að því að miðla kærleiksboðskap kristinnar trúar á þann hátt sem unga fólkið skilur. Barnaguðsþjónusturnar eru fyrir alla fjölskylduna, starf fyrir 9 - 12 ára stúlkur fer fram í KFUK starfinu. Drengir á sama aldri eru velkomnir í KFUM - starfið. Æskulýðsfélagið Sela er fyrir unglina

Jólasöfnun Hjálparstarfsins

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er fölginn í því að sendir eru giróseðlar inn á öll heimili landsins. Upphæðin á seðlinum er 2.500 krónur.

Helmingurinn rennur til vatnsverkefna í Afríku og helmingurinn til aðstoðar innanlands.

Hreint, tært og frískandi vatn er undirstaða alls lífs í heiminum. Greiddur seðill gefur sjö manns hlutdeild í brunn og þar með vatn til áratuga. Greiddur seðill veitir líka bágstöddum á Íslandi hjálp til að brúa erfitt bil. Saman hjálpum við heima og heiman.

Fyrir utan að greiða heimsenda giróseðla er hægt að fara á framlag.is og velja málefnið sem gjöfin á að renna til, gefa gjafabréf í jólagjöf á gjofsemgefur.is eða hringja í söfnunarsíma 907 2002 til að gefa til aðstoðar innanlands og 907 2003 til aðstoðar erlendis.

Jafnframt má benda á að gömlu góðu söfnunarbaukana er hægt að fá hjá Hjálparstarfinu í síma 528 4400. Þeim verður að vanda dreift í barnastarfi í kirkjunni okkar. Baukunum söfnum við saman við barnaguðsþjónustu 21. desember. Þeir sem vilja bauk geta haft samband við skrifstofuna og fengið hann í pósti. Stöndum saman og réttum hjálparhönd - heima og erlendis.

í 8., 9. og 10. bekkjum grunnskólanna. Barna- og unglingsakór Seljakirkju æfir í hverri viku og kemur oft fram í guðsþjónustum safnaðarins. Frímerkjaklúbburinn starfar af krafti, þar sem er þroskandi og lærdómsríkt félagsstarf fyrir alla frímerkjasafnara. Það kostar ekkert að taka þátt í starfi kirkjunnar. Upplýsingar um fundartíma einstakra starfsþátta á heimasíðu safnaðarins www.seljakirkja.is.

Aðventudagskrá í Seljakirkju 2010



28. nóvember 1. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta - Altarisganga Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar Barnakórinn og kirkjukórinn flytja tónlist
kl. 16	Guðsþjónusta í Skógarbæ Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 20	Aðventukvöld Fjölbreytt aðventudagskrá Kirkjukórinn syngur undir stjórn Tómasar G. Eggertssonar. Seljur, kór kvenfélagsins, syngja undir stjórn Svövu Ingólfssd. Haukur Ísfeld les aðventusögu. Hugvekju flytur Ragnheiður Baldursdóttir.

30. nóvember

kl. 18	Samvera eldri borgara Ræðumaður: Sigurður Sigurðarson dýralæknir og kvæðamaður Kór Seljakirkju syngur aðventulög
--------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

5. desember 2. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 17	Aðventutónleikar Karla-kórsins Fóstbræðra í Seljakirkju Stjórnandi er Árni Harðarson Sr. Valgeir Ástráðsson flytur hugvekju

7. desember

kl. 19.30	Jólafundur Kvenfélags Seljasóknar Aðventudagskrá Hugvekjur flytur sr. Valgeir Ástráðsson Upplestur, Seljurnar syngja, hátíðarmatur og jólapakkar. Þátttaka tilkynnist til stjórnarkvænna
-----------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

11. desember

kl. 16	Útgáfutónleikar Óperukórs Hafnarfjarðar stjórnandi: Elín Ósk Óskarsdóttir miðar við inngang
--------	---------------------------------------------------------------------------------------------------

12. desember 3. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
kl. 20	Aðventusamkoma Sr. Valgeir Ástráðsson og Tómas Guðni Eggertsson flytja aðventudagskrá í tali og tónum ásamt Braga Jónssyni bassasöngvara og Thelmu Hrönn Sigurdórsdóttur, sópran.

19. desember 4. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta Lúðrasveit Austurbæjar leikur, stjórnandi: Vilborg Jónsdóttir
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar Graduale Nobili kór Langholtskirkju syngur undir stjórn Jóns Stefánssonar
kl. 20	Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar Þorvaldur Halldórsson sér um tónlistina.

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Slá þú hjartans hörpu strengi,
hrær hvern streng sem ómað fær.
Hljómi skært og hljómi lengi
hósianna nær og fjær.
Hvert þitt innsta æðarslag
ómi! af gleði þennan dag.
Konungurinn konunganna
kemur nú til sinna manna.

Ríki hans um allar álfur
ómælanda geimsins nær.
Hásætið er himinn sjálfur,
hallarprýði sólin skær,
fótskór hans hin fagra jörð,
fylgdin hans er englahjörð.
Skrúða ljóssins skryddur er hann,
skíra lífsins krónu ber hann.

Hann, þótt æðst í hátign ljómi,
hógvær kemur alls staðar.
Hjarta þitt að helgidómi
hann vill gjöra' og búa þar.
Opna glaður hjartans hús,
hýs hinn tigna gestinn fús.
Getur nokkuð glatt þig fremur?
Guð þinn sjálfur til þín kemur?

Líknarár hann enn þá gefur,
ár, sem háð ei breyting er,
ár, er sumar ávallt hefur,
ávöxt lífs að færa þér.

Vetur, sumar, vor og haust
votti þakkir endalaust
konunginum konunganna,
krýndum vegsemd. Hósianna.

Valdimar Briem - sb. 57



Safnaðartíðindi Seljasóknar
31. árg. 2. töl. Aðventa 2010

Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.